

Nd.

277. Nefndarátt

um frumvarp til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að selja ýmsar nauðsynjavörur undir verði, og að gjalda verðhækkunina eftir því, sem lög þessi greina.

Frá minni hluta bjargráðanefndar.

Bjargráðanefnd var fengið frumvarp þetta til meðferðar. Eftir nokkrar umræður klofnaði nefndin og urðum vjer þrír, er vildum styðja grundvallarhugsun frumvarpsins, að láta almenningi hallærishjálp í tje með þeim hætti að selja vörur undir verði.

Oss þótti þó flutningsmaður hafa tekið óþarflega djúpt í árinna, enda taldist svo til, að frv. hans mundi kosta 8 miljónir. En hitt duldist oss eigi, að brýna nauðsyn ber til að hlaupa undir bagga með nauðstaddri alþýðu manna. Þótti oss nú auðveldast til framkvæmda að velja úr nokkrar vörutegundir, er seldar væri undir verði. Leist oss sem hentast mundi að velja til þess mjöl og brauð, kol og steinolíu. Þar er nauðsynin rikust og þar kemur jafnast niður.

Tillögur frv. um, hverjum veita skyldi hjálpina, teljum við tveir með öllu óframkvæmanlegar, og teljum það yfir höfuð eigi svara kostnaði að undanskilja neina. Hitt er sjálfsagt, að skattur með nokkrum hætti gæti vegið upp þá linkind, er fáeinir efnamenn í landinu kynni á fá ófyrirsynju eftir tillögum vorum.

Oss þótti þessi hjálpi við almenning þó eigi vera einhlit, og töldum nauðsyn bera til að sjá með nokkrum hætti við atvinnubresti. Þótti oss þar tiltæki legast að heimila stjórninni að láta vinna ýms nauðsynjaverk fyr en ella mundi.

Þótt þessar ráðstafanir kynni að hafa tveggja til þriggja miljóna kostnað i för með sjer, þá teljum vjer það rjett að taka til þess lán, svo hernaðargjöld þessi jafnist niður á mörg ár og helst fleiri en eina kynslóð. Eru nú slíks dæmi hjá öllum síðuðum þjóðum, því að svo er nú rjett á litið, að hlutlausar þjóðir sje einnig í stríðinu, þar sem ætíð er á þær sótt, þótt þær sæki á engan og geti nauðulega varist. Og þar sem menn koma margir i krappan dans af svo ósjálf-ráðum ástæðum sem ófriði, þá er tillaga vor um lán til einstakra manna, að það teljist eigi sveitarskuld, svo sjálfsögð, að eigi þarf að skýra.

Alþingi, 2. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
ritari og framsögum.

Jörundur Brynjólfsson.

Á fundi fjárveitinganefndar Nd Alþingis í dag var samþykkt sú yfirlýsing með 6 atkv. gegn einu, að nefndin getur eigi fallist á fjárhagsatriðið í umræddu frumvarpi nje í breytingartillögum á þgskj. 259.

Alþingi, 2. ágúst 1917.

Pjetur Jónsson.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.